

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/250****2018/EES/33/13****frá 15. febrúar 2018**

um leyfi fyrir metýl-2-fúróati, bis-(2-metýl-3-fúrýl)-dísulífiði, fúrfúrali, fúrfúrýlalkóhóli, 2-fúranmetanetíoli, S-fúrfúrýlasetóbíóati, dífúrfúrýldísulífiði, metýlfúrfúrýlsúlfíði, 2-metýlfúran-3-þíóli, metýlfúrfúrýldísulífiði, metýl-2-metýl-3-fúrýldísulífiði og fúrfúrýlasetati sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE ⁽²⁾.
- 2) Efnin metýl-2-fúróat, bis-(2-metýl-3-fúrýl)-dísulífið, fúrfúral, fúrfúrýlalkóhól, 2-fúranmetanetíól, S-fúrfúrýlasetóbíóat, dífúrfúrýldísulífið, metýlfúrfúrýlsúlfíð, 2-metýlfúran-3-þíól, metýlfúrfúrýldísulífið, metýl-2-metýl-3-fúrýldísulífið og fúrfúrýlasetat („efni sem um er að ræða“) voru leyfð án tímamarka með tilskipun 70/524/EBE sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir. Þessar vörur voru síðan færðar inn í skrá yfir fóðuruakefni sem fyrirliggjandi vörur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á efnunum sem um er að ræða sem fóðuruakefni fyrir allar dýrategundir. Umsækjandinn óskaði eftir að aukefnin yrðu sett í aukefnaflokkinn „skynræn aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 26. janúar 2016 ⁽³⁾ að við tillögð skilyrði fyrir notkun hafi efnin sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Þessi efni bæta lykt matvæla eða bragðgæði. Þar eð efnin sem um er að ræða eru notuð sem bragðefni í matvæli og hlutverk þeirra í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að ekki sé nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þeirra. Því má yfirfæra þessa niðurstöðu á fóður. Umsækjandinn dró umsókn sína til baka um notkun efnanna, sem um er að ræða, í drykkjarvatn.
- 5) Matvælaöryggisstofnunin tók enn fremur fram, að því er varðar efnin sem um er að ræða, að hætta fyrir húð, snertingu við augu og váhrif á öndunarveg væri viðurkennd. Flest efnin eru flokkuð sem ertandi fyrir öndunarfæri. Af þessum sökum ætti að grípa til viðeigandi verndarráðstafana. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Hún staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuruakefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 6) Mat á efnunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun þessara efna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 53, 23.2.2018, bls. 166. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2018 frá 27. apríl 2018 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar)

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

(2) Tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri (Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1).

(3) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2016 14(2), 4389.

- 7) Umsækjandinn lagði tillögu um notkunarmagn, að því er varðar efnin sem um er að ræða, fyrir Matvælaöryggisstofnunina. Með hliðsjón af þeirri tillögu mat Matvælaöryggisstofnunin það svo að tiltekið notkunarmagn sé öruggt (hér á eftir nefnt magn sem Matvælaöryggisstofnunin hefur metið). Kveða ætti á um tilteknar kröfur um merkingar að því er varðar opinbert eftirlit í matvælakeðjunni. Rétt þykir, einkum þegar notkunarmagnið fer yfir það magn sem Matvælaöryggisstofnunin hefur metið, að krefjast þess að tilteknar upplýsingar komi fram á merkimiða forblandna og á merkingum á fóðurefnum og fóðurlöndum, sem innihalda efnin sem um er að ræða, þ.m.t. tilvísun í magnið sem Matvælaöryggisstofnunin hefur metið.
- 8) Sú staðreynd að notkun efnisins, sem um er að ræða, er ekki leyfð í drykkjarvatn kemur ekki í veg fyrir notkun þess í fóðurlöndu sem er gefin með vatni.
- 9) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir efnunum sem um er að ræða af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnin, sem tilheyra aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og eru tilgreind í viðaukanum, eru leyfð sem fóðuraufefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Efnin, sem eru tilgreind í viðaukanum, og forblöndur sem innihalda efnin, sem eru framleidd og merkt fyrir 15. september 2018 í samræmi við reglurnar sem voru í gildi fyrir 15. mars 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar.
2. Fóðurefni og fóðurlöndur sem innihalda efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 15. mars 2019 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. mars 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis.
3. Fóðurefni og fóðurlöndur sem innihalda efnin, sem tilgreind eru í viðaukanum, sem eru framleidd og merkt fyrir 15. mars 2020 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 15. mars 2018, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppnar, ef þau eru ætluð fyrir dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur: Skynræn aukefni. Virkur hópur: Bragðefni									
2b13002	—	Metýl-2-fúróat	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Metýl-2-fúróat</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Metýl-2-fúróat</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98%.</p> <p>Efnaformúla: C₆H₆O₃</p> <p>CAS-númer: 611-13-2</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.002</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða metýl-2-fúróat í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður.</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fóðurefni og fóðurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg. 	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b13016	—	bis-(2-metýl-3-fúrýl)dísúlfíð	<p><i>Samsetning aukefnis</i> bis-(2-metýl-3-fúrýl)dísúlfíð</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> bis-(2-metýl-3-fúrýl)dísúlfíð</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 98%.</p> <p>Efnaformúla: C₁₀H₁₀O₂ S₂</p> <p>CAS-númer: 28588-75-2</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.016</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða bis-(2-metýl-3-fúrýl)dísúlfíð í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður:</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblandnanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið 	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								<p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódur-blöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	
2b13018	—	Fúrfúral	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Fúrfúral</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Fúrfúral</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95%.</p> <p>Efnaformúla: C₅H₄O₂</p> <p>CAS-númer: 98-01-1</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.018</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Aukefnið skal notað í fódur í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“</p>	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða fúrfúral í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður:</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>					<p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblandnanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið</p> <p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódur-blöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
2b13019	—	Fúrfúrylalkóhól	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Fúrfúrylalkóhól</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Fúrfúrylalkóhól</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 97%.</p> <p>Efnaformúla: C₅H₆O₂</p> <p>CAS-númer: 98-00-0</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.019</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða fúrfúrylalkóhól í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður.</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fóðurefni og fóðurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 5 mg/kg. 	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b13026	—	2-fúran- metanþíól	<i>Samsetning aukefnis</i> 2-fúranmetanþíól <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 2-fúranmetanþíól Framleitt með efnasmíði Hreinleiki: magngreining að lágmarki 97%. Efnaformúla: C ₅ H ₆ OS CAS-númer: 98-02-2 FLAVIS-nr.: 13.026 <i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾ Til að ákvarða 2-fúranmetanþíól í fóðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður. Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. 2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. 3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“ 4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblandnanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								<p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódur-blöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	
2b13033	—	S-fúrfúryl- asetóþíóat	<p><i>Samsetning aukefnis</i> S-fúrfúrylasetóþíóat</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> S-fúrfúrylasetóþíóat</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95%.</p> <p>Efnaformúla: C₇H₈O₂S</p> <p>CAS-númer: 13678-68-7</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.033</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Aukefnið skal notað í fódur í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“</p>	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða S-fúrfúrylasetóþíóat í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður.</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>					<p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið</p> <p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
2b13050	—	Dífúrfúryldísúlfíð	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Dífúrfúryldísúlfíð</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Dífúrfúryldísúlfíð</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 96%.</p> <p>Efnaformúla: C₁₀H₁₀O₂S₂</p> <p>CAS-númer: 4437-20-1</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.050</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða dífúrfúryldísúlfíð í fóðuraufefni og í bragðefnaforblöndum í fóður:</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg. 	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b13053	—	Metýlfúrfúrýlsúlfíð	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Metýlfúrfúrýlsúlfíð</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Metýlfúrfúrýlsúlfíð</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 97%.</p> <p>Efnaformúla: C₆H₈OS</p> <p>CAS-númer: 1438-91-1</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.053</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða metýlfúrfúrýlsúlfíð í fóðuraufni og í bragðefnaforblöndum í fóður.</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“</p> <p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblandnanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið</p>	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								<p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fóðurefni og fóður-blöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	
2b13055	—	2-metýlfúran-3-þíól	<p><i>Samsetning aukefnis</i> 2-metýlfúran-3-þíól</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> 2-metýlfúran-3-þíól</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95%.</p> <p>Efnaformúla: C₅H₆OS</p> <p>CAS-númer: 28588-74-1</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.055</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“</p>	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða 2-metýlfúran-3-þíól í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður:</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>					<p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið</p> <p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
2b13064	—	Metýlfúrfúryl- dísúlfíð	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Metýlfúrfúryldísúlfíð</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Metýlfúrfúryldísúlfíð</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 95%.</p> <p>Efnaformúla: C₆H₈OS₂</p> <p>CAS-númer: 57500-00-2</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.064</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða metýlfúrfúryldísúlfíð í fýðuraukefni og í bragðefnaforblöndum í fýður.</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<ol style="list-style-type: none"> Aukefnið skal notað í fýður í formi forblöndu. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi: „Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“ Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fýðurefni og fýðurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg. 	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblandna skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.	
2b13079	—	Metýl-2-metýl-3-fúryldísúlfíð	<p><i>Samsetning aukefnis</i></p> <p>Metýl-2-metýl-3-fúryldísúlfíð</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i></p> <p>Metýl-2-metýl-3-fúryldísúlfíð</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 97%.</p> <p>Efnaformúla: C₆H₈OS₂</p> <p>CAS-númer: 65505-17-1</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.079</p> <p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða metýl-2-metýl-3-fúryldísúlfíð í fóðuraufni og í bragðefnaforblöndum í fóður:</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Aukefnið skal notað í fóður í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg“</p> <p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblandnanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið</p>	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
								<p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódur-blöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,05 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblendna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	
2b13128	—	Fúrfúrylasetat	<p><i>Samsetning aukefnis</i> Fúrfúrylasetat</p> <p><i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Fúrfúrylasetat</p> <p>Framleitt með efnasmíði</p> <p>Hreinleiki: magngreining að lágmarki 97%.</p> <p>Efnaformúla: C₇H₈O₃</p> <p>CAS-númer: 623-17-6</p> <p>FLAVIS-nr.: 13.128</p>	Allar dýrategundir	—	—	—	<p>1. Aukefnið skal notað í fódur í formi forblöndu.</p> <p>2. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunum skal tilgreina geymslu- og stöðugleikaskilyrði.</p> <p>3. Á merkimiða aukefnis skal tilgreina eftirfarandi:</p> <p>„Ráðlagt hámarksinnihald virka efnisins í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg“</p>	15.3.2028

Kenninúmer aukefnis	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
			<p><i>Greiningaraðferð</i> ⁽¹⁾</p> <p>Til að ákvarða fúrfúrylasetat í fóduraukefni og í bragðefnaforblöndum í fóður:</p> <p>Gas- og massagreining með læsingu rástíma GC-MS-RTL.</p>					<p>4. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiða forblöndanna ef það notkunarmagn sem lagt er til á merkimiða forblöndunnar myndi leiða til þess að farið sé yfir magnið sem um getur í 3. lið</p> <p>5. Tilgreina skal virkan hóp, kenninúmer, heiti og viðbætt magn virka efnisins á merkimiðum fyrir fódurefni og fódurblöndur ef farið er yfir eftirfarandi magn af virku efni í heilfóðri með 12% rakainnihald: 0,5 mg/kg.</p> <p>6. Að því er varðar notendur aukefnis og forblöndna skulu stjórnendur fódurfyrirtækja koma á verklagsreglum og skipulagsráðstöfunum til að bregðast við mögulegri áhættu við innöndun, snertingu við húð eða augu. Ef ekki er unnt með slíkum reglum og ráðstöfunum að eyða þessari áhættu eða draga úr henni þannig að hún sé í lágmarki skal nota persónuhlífar við notkun á aukefninu og forblöndunum, þ.m.t. öndunarvörn, öryggisgleraugu og hlífðarhanskar.</p>	

⁽¹⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: <https://ec.europa.eu/jrc/en/eurl/feed-additives/evaluation-reports>